

Skýrsla Æskulýðsnefndar Sóta

Veturinn 2005-2006

Nefndarmenn : Eyrún Sigurjónsdóttir Formaður
Elísabet Birgisdóttir
Ragnhildur Skúladóttir
Anna Hafsteinsdóttir

Tvær stúlkur frá Sóta tóku rauða knapamerkið með Andvarakrökkum og stóðust með þryði.

Níu börn tóku þátt í sýningunni Æskan og hesturinn . Þetta var í fyrsta skiptið sem Sóti var með eigið atriði og voru 6 stelpur sem tóku þátt í því og voru duglegar að æfa enda tókst atriðið vel hjá þeim.

Frá okkur fóru 8 stelpur á Árhátið unglinga sem þykir nokkuð gott frá okkar litla félagi.

Sigurður Sigurðsson var með námskeið hjá okkur fyrir alla félagsmenn og voru krakkarnir duglegir að sækja það .

Sigrún Sigurðardóttir kom og var með námskeið fyrir pollana og var það mjög vel sótt. Þá var hún einnig með námskeið fyrir gæðingakeppnina.

Einar Ragnarsson íþróttadómari kom til okkar og var með fræðsluerindi varðandi íþróttakeppnir og var það vel sótt.

Stefán Ágústsson þjálfaði krakkana sem fóru á Landsmót og stóð hann sig mjög vel í því.